

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2012****2012/EES/50/14****frá 30. apríl 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2012 frá 30. mars 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/71/ESB frá 26. júlí 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu kreóssóti við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32011 L 0071**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/71/ESB frá 26. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2011, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2011/71/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2011, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.